

## **Kafli 9 – Félagsfræði og menntun**

### **Spurningar úr efni bls. 267-283.**

1. Hvað hafði Durkheim um menntun að segja?
2. Hvað þýðir það að menntun sé félagsleg stofnun?
3. Hvaða augljósu virkni hefur menntun í samfélaginu?
4. Hvaða leynda virkni fylgir öllu skólastarfi?
5. Hvernig er hægt að tala um vanvirkni skólans?
6. Átakasjónarhorn bendir á hindrunaráhrif menntunar sem koma m.a. fram í leyndu námskránni. Hvað er fólgið í leyndu námskránni samkvæmt átakasjónarhorni?
7. Hvaða sýn hefur menntunarfræðingurinn Michael W. Apple á leyndu námskrána?
8. Hvernig kann aukinn vöxtur prófgráða að ýta undir félagslegan ójöfnuð?
9. Átakasjónarhorn er gagnrýnið á aðgreinandi ferli stöðuveitingar sem menntakerfið stendur vörð um. Hvernig kemur þetta fram í skólakerfum um víða veröld?
10. Hvað eiga hagfræðingarnir Samuel Bowles og Herbert Gintis við með því að tala um samsvörunarlögmál í menntakerfinu?
11. Hvað er menningarlegur auður að mati Bourdieus?
12. Hvað er venjuháttur að mati Bourdieus?
13. Hvernig viðheldur skólakerfið félagslegri mismunun að mati Bourdieus?
14. Menningarfræðingurinn Paul E. Willis talar um andskólamenningu verkalyðsbarna. Hvað var hann að rannsaka og hvernig lýsir þessi andskólamenning sér?
15. Willis talar líkt og Bourdieu um félagslega útilokun skólakerfisins. Hvernig á hún sér stað?

16. Hvernig gerist það að andskólamenningin snýst upp í fullkominn vítahring?
17. Í rannsókn Jeremys Tunstall um breska sjómenn talar hann um að skólaganga þeirra skili þeim afar litlu. Hvernig stendur á því?
18. Hvernig er hægt að skoða samskipti nemenda og kennara út frá hugtakinu leiðandi spásögn?
19. Hvaða áhrif hafa skilgreining á aðstæðum og svokölluð týpumyndun á samskipti kennara og nemenda?
20. Hvernig fer týpumyndun fram?
21. Hvað er fólgið í svokölluðum kennaraáhrifum?
22. Hvers vegna eru margir efins um þessi kennaraáhrif?
23. Hvernig gerir hin nýja upplýsingatækni menntun mögulega fyrir alla?
24. Hvaða rök eru fyrir því að hin nýja upplýsingatækni styrki í raun ójöfnuð til menntunar?
25. Hvað er fjölmennningarlegt skólastarf (fjölmennningarleg menntun) og hvernig tengist það gagnrýninni fjölmenningarhyggju?
26. Hver er munurinn á gagnrýninni fjölmenningarhyggju og hófsamri fjölmenningarhyggju?
27. Hvers vegna segja sumir fræðimenn að hófsöm fjölmenningarhyggja sé yfirborðskennd fjölmenningarhyggja?
28. (Hópverkefni) Lesið grein Guðmundar Heiðars Guðmundssonar á bls. 270-271 um skólann sem siðferðilega stofnun. Hvað á hann við með því, og eruð þið sammála því sem hann segir? Hvað finnst ykkur skóli vera? Og hvernig finnst ykkur að skóli ætti að vera?
29. (Hópverkefni) Lesið greinina miskunnarlaus jöfnuður á bls. 277-278. Á þessi lýsing við um einhverja íslenska skóla? Er ójöfnuður áberandi í íslensku skólakerfi?
30. (Hópverkefni) Eru svokölluð kennaraáhrif raunveruleg? Eru til foreldraáhrif? Hvort skiptir meira máli í mati grunnskóla- eða framhaldsskólanemenda á námi sínu að foreldrar eða kennarar hafi áhuga á námi nemenda?